



Félag dönskukennara

Fréttabréf maí 2010

Norræn tungumálastefna

Norræna ráðherranefndin og norrænu ríkisstjórnirnar ýta nú úr vör stóru tungumálaátaki til að styrkja norræna menningarsamkennd.

Eitt af markmiðum sem skilgreint er í norrænu tungumálastefnunni, er „að allir Norðurlandabúar geti átt í samskiptum sín á milli, helst á norrænu tungumáli“. Lesa má nánar um tungumálaátakið á heimasíðu Norrænu Ráðherranefndarinnar:

<http://www.norden.org/is/a-doefinni/frettir/tungumalaatak-a-ad-styrkja-norraena-menningarsamkennd>

Finnskir sænskukennarar á Íslandi



Hópur finnskra sænskukennara á grunn- og framhaldsskólastigi verða með dagskrá í Norræna húsinu þann 14. júní. Þar mun m.a. finnski sendiherrann á Íslandi greina frá samskiptum Finna og Íslendinga. Einar Már Guðmundsson mun ræða um hjátrú og lesa úr verkum sínum. Einnig munu Finnar segja frá sænskukennslu í Finnlandi. Finnarnir hafa komið að máli við stjórn FDK og óskað eftir að hitta íslenska dönskukennara þennan dag. En þeir hafa áhuga á að skiptast á skoðunum um kennslumál og koma á samskiptum milli kennara og nemenda í löndunum tveimur. Þeir sem hafa áhuga á að heyra meira um þessa dagskrá eru beðnir um að hafa samband við Ernu Jessen.

Den store sommer

Hvad vejrets guder skænker os af kår
kan jordens børn kun sige ja og amen til.

Men denne sommer føler og forstår
man dog som noget, man i mange år
har sparet sammen til.

Piet Hein

Námsstefna

Námsstefna NBR (Nordic Baltic Region) 18. - 19. júní 2010

Staður: Verzlunarskóli Íslands, Reykjavík

Efni: HVAÐ ER Í GULLAKISTUNNI? - SHARING THE TREASURE CHEST - AUS DER SCHATZTRUE

Dagana 18.-19.júní 2010 verður haldin námsstefna NBR (Nordic Baltic Region), undirfélags Norðurlanda og Baltnesku landanna í alþjóðasamtökum tungumálakennara FIPLV (Federation Internationale des Professeurs de Langues Vivantes).

Þessa daga er meiningin að við deilum því sem okkur hefur reynst best í kennslustofunni, sitjum saman í vinnustofum og segjum hvert öðru frá árangursríkum leiðum og aðferðum í tungumálakennslu sem við höfum reynslu af. Við bjóðum velkomna grunnskólakennara í tungumálum, og er dagsetningin valin sérstaklega með það fyrir augum að kennslu sé lokið í grunnskólum.

Meðal efna sem leikur forvitni á að heyra af eru **ritun, teymisvinna, leikrænar nálganir, fjarkennsla, þemavinna, samþætting, menningarþjálfun, útikennsla**, og hverjar þær aðferðir sem fólki hefur reynst vel í starfi tungumálakennarans.

Tveir aðalfyrirlesarar hvor sinn daginn.

Málstofur þar sem margir koma með stutt innlegg.

Veggspjaldastund, þar sem fólk getur kynnt efni sitt á veggspjöldum.



Sumarnámskeið framhaldsskólakennara

Dagskrá sumarnámskeiðs framhaldsskólakennara sem haldið verður á Schæffergården dagana 8. – 14. ágúst er nú nær fullmótuð. Þátttakendur eru rúmlega 20 að þessu sinni. Meðal fyrirlesara verða Michael Svendsen Pedersen, Sten Langstrup, Ruth Mulvad og Per Fibæk Laursen. Þátttakendur fá dagskrá senda þegar nær dregur.

Með von um ánægjulegt sumar.

Stjórnin